

Frá: Magnus Benediktsson
Sent: Monday, March 13,
Efni: Erindi vegna Íslandsmóts í hestaíþróttum 2023

Sæl Fjóra,

Nú í sumar nánar tiltekið dagana 28. júní til 2. júlí mun hestamannafélagið Sleipnir halda Íslandsmót í hestaíþróttum á félagssvæði sínu á Brávöllum hér á Selfossi.

Mót þetta er loka úrtaka fyrir Heimsmeistaramót íslenska hestsins sem fer fram í Hollandi aðra helgina í ágúst.

Í ár eru 45 ár frá fyrsta Íslandsmótinu í hestaíþróttum, en það var einmitt haldið hér á Selfossi 1978, og langar okkur í tilefni þess að gera þennan viðburð sem glæsilegastan og að hann verði sveitarfélaginu til sóma.

Ríkissjónvarpið, Rúv verður með beina útsendingu frá úrslitadeginum 2. júlí.

Einnig óska ég eftir nærveru bæjarstjóra á úrslitadaginn við veitingu verðlauna.

Ég sem framkvæmdastjóri mótsins og fyrir hönd hmf. Sleipnis óska eftir því að Sveitarfélagið Árborg komi veglega að uppsetningu og frágangi mótsins, þá er átt við slátt og fegrun mótsvæðissins, hreinsiátak í hesthúsabyggð, heflun og íburð gatna í hesthúsabyggð og á mótssvæði, aðstoð við að útvega fánaborgir, ýmiskonar vegmerkingar o.s.f.r.v.

Metnaður mótshaldara er mikill við að gera viðburðinn sem glæsilegastann og vona ég að sveitarfélagið láti ekki sitt eftir liggja í þeim málum.

Ég óska í framhaldinu eftir sambandi við tengilið bæjarfélagsins nú í undirbúningi mótsins bæði vegna framkvæmda og einnig vegna markaðssetningar mótsins og að okkur sé veitt aðstoð við að kynna viðburðin fyrir bæjarbúum og gestum sveitarfélagsins.

Íslandsmót í hestaíþróttum er stærsti hestaviðburður ársins 2023 hér á Íslandi og viljum við Sleipnismenn gera þetta sem með glæsilegasta hætti.

Með fyrirfram þökk og von um góð svör

-

Kveðja,

Magnús Benediktsson

